

— Hjeraðslæknir Þórður J. Thoroddsen í Keflavík hefur í brjefi, dags. 27. 73
p. m., fyrir hönd kaupfjelags Rosmhvalanesshrepps jafnframt því að geta þess, 31. maí
að tjeð fjelag hafi í vetur pantað ýmsar vörur frá útlöndum, þannig, að það hafi beðið
kaupmann L. Zöllner í Newcastle að kaupa vörurnar fyrir fjelagið og senda fyrir reikn-
ing fjelagsins skip með þær til Keflavíkur, Leiru og Garðs, en þar skyldu þær fluttar í
land og þeim skipt milli fjelagsmanna, eptir því sem hver hefði pantað, en vörurnar
áttu aptur að borgast með fiski, er Zöllner seldi fyrir reikning fjelagsins í útlöndum —
beiðst úrlausnar minnar um það, hvort sá úrskurður sýslumannsins í Kjósar- og Gull-
bringusýslu sje rjettur, að L. Zöllner eða greindu kaupfjelagi sje, sakir þessa vöruflutnings
skylt að fullnægja fyrirmælum laga nr. 28, 2. desbr. 1887, að því er lausakaupmennsku-
leyfisbrjef snertir, en á brjefi frá sýslumanninum í Kjósar- og Gullbringusýslu, er fylgdi
ofangreindu brjefi hjeraðslæknisins sjest, að þegar hefur verið gefið út leyfisbrjef handa
greindum Zöllner til hinnar umræddu verzlunar, og hið lögskipaða gjald fyrir það, 100kr.,
greitt sýslumanni.

Út af þessu vil jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að leggja
fyrir sýslumanninn í Kjósar- og Gullbringusýslu, að tjá Þórði hjeraðslækni Thoroddsen,
að jeg finni eigi ástæðu til að fyrirskipa endurborgun á þeim 100 kr., er greiddar hafa
verið fyrir hið umrædda lausakaupmennskuleyfisbrjef, en fjelagið geti, ef það óskar þess,
leitað úrskurðar dómstólanna um málið.

Brjef landshöfðingja til bæjarfógetans á Akureyri um þingsköp fyrir bæjar- 74
stjórn Akureyrar og um erindisbrjef fyrir menn, er líta skulu eptir eldstóm o. fl. á 31. maí
Akureyri. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 9. p. m., hafið þjer, herra bæjarfógeti, sent
mjer í tveim samritum frumvarp til þingskapa fyrir bæjarstjórn Akureyrar og erindis-
brjef fyrir menn, er líta skulu eptir eldstóm o. fl. á Akureyri, og beiðzt staðfestingar
minnar þar á.

Um leið og jeg nú endursendi yður annað samritið af nefndu frumvarpi til þing-
skapa með árituðu samþykki mínu, skal jeg geta þess, að því er snertir umgetið er-
indisbrjef, sem jeg einnig endursendi hjer með, að jeg sje mjer ekki fært að staðfesta
það, þar sem í því eru lagðar bæjarbúum ýmsar kvaðir og skyldur á herðar, sem laga-
heimild vantar fyrir.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu, um 75
heimild til að reka verzlun á jörð í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar. — Eptir að 1. júní
hafa með þóknanlegu brjefi yðar, herra amtmaður, dags. í gær, meðtekið ásamt þókn-
anlegu áliti yðar ummæli bæjarfógetans í Reykjavík um fyrirspurn E. Egilssonar í Görð-
unum við Reykjavík um það, hvort honum eigi væri heimilt að lögum að reka verzlun
á tjeðri eignar- og ábýlisjörðu sinni, sem þó sje í umdæmi Reykjavíkurkaupstaðar, und-
anfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og
frekari birtingar, að jeg verð að vera yður og bæjarfógetanum samdóma um, að eigi sje,
eptir því sem ástatt er, nein heimild til þess, að lögum, að veita leyfi til verzlunar á
nefndri jörð Görðunum, en hins vegar álít jeg, að nefndum E. Egilsson sje frjálst, ef